# Yfirlit yfir Tíðarfarið 1982.

Fyrstu 11 daga jan. var sérstaklega kyrrt veður. 25 cm snjólag var á jörð, lengst af í mánuðinum. Þykkt frostsins í jörð í skóginum var 10 cm í mánaðarlok.

Í febr. var mjög mild tíð. Var mánuðurinn með hlýrri febr. mánuðum. Úrfellið í febr. og mars var með meira úrfelli í þeim mánuðum. Af úrfellinu í febr. var 20 mm snjór. Það auðnaðist 20 febr. En 28 þ.m. kom 18 cm djúpt snjólag. Og var þunnt snjólag á jörð til 25 mars, á láglendi.

En þá var kominn mikill snjór á fjöll og sérstaklega í fjallshlíðar, því það snjóaði mikið niður í 450 m h.y. sjó dagana 6.8.14 og 21 mars.

Það héldu sig um 20 hreindýr við jaðar Hallormsstaðarskógar frá 12.–20 mars.

Fyrstu 11 dagana í apríl var meðalhitinn 2.0 undir meðallagi. En frá 12–27 var hann 5.0 yfir meðallag. Og samfellt S og SV lag átt. Þann 13 apríl byrjuðu að þrútna brum á lerki, reyni og víði. En 26 apríl á alaskaösp. 2 dögum áður en kólnaði að hörðu 28 apríl. Lágm. hitastig dagana 29 og 30, var -6.0.

Kuldinn hélt áfram til 6 maí. Meðalhitinn frá 28 apr. til 6 maí var -3.5°. Mesti vindhraði kuldadagana var af NA þann 2 maí, 6 v. stig. Og 3 maí af NV. 7 v. stig.

Í lok kuldans urðu lerkinálar dálítið ljósleitar, á sumum hvammum. Og bar mest á því í jöðrum Teiganna. Var það sérlega á þeim hvammum, er voru komin lengst áleiðis að springa út.

Þá urðu all víða skemmdir á (Alaska) asparbrumunum, mörgum af þeim brumum, er voru mikið byrjuð að opnast, fyrir kuldann, er síðar verður sagt frá.

Frá 4-12 maí var sutlagátt, en eftir það var lengst af N.A.
lag átt, í mánuðinum. Mjög góðir dagar voru frá 7.-15. var
þá meðalhitinn 6.5°. Byrjaði að koma gróður í útjörð. Þann 10
og þann dag byrjaði birki að springa út. Frá 16-31 var meðal
hitinn 3.0. Þá varð engin framför á gróðrinum.

Er hlýna tók í júní, varð mjög ör framför á gróðri, í hlýind-
unum til 10 þ.m. er meðalhitinn var 10.0. Blómguðust þá
þær jurtir er fyrstar eru að byrja að blómgast á vorin. Margar þeirra
heldur í seinna lagi. Tré sprungu þá ört út. Nákvæmt. sem lerkitrén
að verða fullútsprungin þann 5 og önnur 6. Og birkiskógurinn var
útsprunginn 7. júní Næstu 5 dagana á eftir var N.A. átt og kalt í veðri. Er
meðalhitinn var 4.0. Stóð þá daga vöxtur allra nytjajurta í stað. Eftir það
var meðalhitinn 9.3 í júní. Sólskin var hér mesta í júní síðan mælingar
byrjuðu. Úrfellið hér minnsta. Það var farið að gæta vatnsskorts í þur-
lendum túnum, er kom fram um 20 júní. Þá hafði ekki komið dropi
úr lofti í 20 daga. Í júnílok rigndi 2.3 mm.

Í júlí var þurrt fyrstu 4 dagana. Fór þá dálítið að gæta þess í grænmetisgörðum
og jafnvel forræktarreitunum, í þeim hluta garðanna þar er jarð-
raki er minnstur, að vöxturinn væri minni. En frá 5-15 rigndi
14 mm. Um miðjan júlí, var grasvöxtur farið að miða vel áfram
á túnum. Nálarnar á barrtrjám urðu ljótlegri útlits, sérstak-
lega þegar hitinn hækkaði, upp úr miðjum júlí og lauf lauf-
trjánna stækkuðu. Og við dökku aspa þá brúnin, frá vorinu,
byrjuðu að myndast blöðrukorn, úr áður sofandi brumum
á greinunum.

Í hlýindunum frá 17 júlí til 7 ágúst er meðalhitinn var 14.3, var vöxtur
lerkis og birkisins mjög jafn. Vöxtur greinanna fór að minka, ört
minkandi er leið á júlím. Og fura var þá búin að ljúka vextin-
um. Dálítið bar á því að ársprotinn og efstu hliðargreinar á greni-
tegundunum, voru í grennra lagi, vegna hins fremur stutta vaxtar-

-Tíma í sumar.

30 júlí rigndi 4.3 mm. Ekki tíminn og þurrkarnir héldu áfram í ágúst. var það öllum jurtagróðri mikil nauðsyn að byrjaði að rigna 7 ágúst. Er rigndi frá 7-12. 16.5 mm. Og að framhald var á rigningu frá 15-19. alls 22 mm.

Bláber byrjuðu að þroskast, þá daga, þar sem skilyrði eru bezt. Lerki og birki var að ljúka sumarvextinum, 20-24 ágúst, sem heldur með fyrra móti.

Næturfrost kom með síðasta móti á haustinu. Köldu dagana í sept. var Vindur var alltaf hægur ~~í mánuðinum~~ og alltaf jafn svalt. Mesti vindhraði 4 v.stig, þann 21. 8 daga í september var áttin suðlæg, var hámhitinn þá daga 11 stig og mest 13 stig þann 1. Sólskin nálgaðist meðallagi í mánuðinum.

Er úrkoman fór að verða meiri, í októberbyrjun, þá rigndi 68 mm, frá því síðari hluta dags 30 sept. til 3 október jókst á tímum raki í efsta borði jarðvegsins og grunnvatnsstaða fór hækkandi.

Í október rigndi meira en áður hafði mælst í þeim mánuði. Þrátt fyrir það þótt hitastigið væri um 1/2 stigi undir meðallagi, var mild tíð allan mánuðinn. Næturfrost var með minnsta móti, ef talið er allt frá byrjun haustsins.

Lægsta hitastig ÷3.6° nóttina 22 okt. Nætur því brum og sprotar trjáa gátu þroskast, fyrir veturinn.

Í nóvember til 11 var algengust suðlæg átt. Hvassast var 9 v.stig af V. að morgni 16. Á sama tíma var 10 v.stig út fram Fljótinu fyrir utan Freyshóla. Mjög tíðar áttabreytingar voru í mánuðinum.

Í desember var dálítið umhleypingasamt. Það var lengst af dálítill snjór á jörð, mest 20 cm djúpur. (x Rigningu 31 des var með meira úrfelli hér á jafnskömmum tíma) 20 mm af úrfellinu í mánuðinum var snjór. Frost í jörð í skóginum var 19 cm í árslok

x Síðan regnmælingar hófust hefur aldrei rignt eins mikið á jafn skömmum tíma og 31 í nbr. 42 mm á 4 stundum

# Gróðursetn Hallormsstað 1982.

| Tegund | kvæmi | Nr. | aldur | Hafursá. | Mjóanes, | Partur | Múlastekkur. | samtals. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| BiSi | Hall | C006 | 1/2 | 2.610 | | | 5.000 | 7.610 |
| BG | Highwood S. | 825 | 3/2/3 | | | 3.260 | | 3.260 |
| BG | H. S. | 825 | | | 10.000 | | | 10.000 |
| RG | ? | | | | | 600 | | 600 |
| SB | Sew. | 909 | 2/2/3 | | | 180 | | 180 |
| SG | Hall | 902 | 2/2/3 | | | 5.635 | | 5.635 |
| RL | Guðmund | 994 | 1/2 | 725 | | | | 725 |
| RL | — " — | 995 | 1/3 | 900 | | | | 900 |
| RL | Modo | 957 | 1/3 | 4.725 | | | 8.050 | ~~4.725~~ 12.775 |
| RL | Ulan Ulmask | C029 | 1/2 | | | | 3.125 | 3.125 |
| SL | Altai | 997 | 1/2 | 1.525 | | | | 1.525 |
| SF | Ilenborg | 964 | 1/2 | | | 3.500 | 500 | 4.000 |
| | | | | 10.485 | 10.000 | 13.175 | 16.675 | 50.335 |

Gróðursetn Fljótsdalsáætl. 1982.

| Tegund | kvæmi nr. aldur. | | Skriðukl. | Brekka. | Víðivellir. | Gunnlaugsst. | Strönd. | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SL | Ulan Ul. | C029 | 7.285 | 1.100 | 1.900 | | 6.320 | 16.605 |
| RL | Kuhmo | C031 | 12.575 | 2.225 | | 1.750 | 9.925 | 26.475 |
| | Hansj. | 046 | | 10.500 | | | 1.000 | 11.500 |
| RL | Modo | 957 | | | 1.500 | 1.000 | | 2.500 |
| RL | Abzeli | C025 | | | | 250 | | 250. |
| | | | 19.860 | 13.825 | 3.400 | 3.000 | 17.245 | 57.330. – |